



Fræðslumiðstöð
Reykjavíkur

Stefna í málefnum barna með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum Reykjavíkur

Tillögur starfshóps

Starfshópur:

Anna Kristín Sigurðardóttir, deildarstjóri Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla
Hrefna Birna Björnsdóttir, kennari í Vesturbæjarskóla
Ruth Magnúsdóttir, kennari í móttökudeild Vesturbæjarskóla
Þorgerður Guðmundsdóttir, sérkennari í Ártúnsskóla
Friðbjörg Ingimarsdóttir, kennsluráðgjafi á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Ingibjörg Hafstað, kennsluráðgjafi á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Jóhanna Haraldsdóttir, sálfræðingur á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

október 2000

Efnisyfirlit:

Inngangur	bls. 3
Börn með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum Reykjavíkur	bls. 3
Leiðarljós fyrir grunnskólana í Reykjavík	bls. 5
Markmið:	bls. 7
1. Að börn af erlendum uppruna geti nýtt sér íslenskt skólakerfi til jafns við önnur börn.	bls. 7
2. Að draga úr fordómum gagnvart útlendingum.	bls. 9
3. Að stofnanir tryggi að útlendingar fái notið þjónustu þeirra.	bls. 10
4. Að öllum útlendingum sé gefinn kostur á íslenskunámi við hæfi og þeir hvattir til að læra íslensku.	bls. 12
5. Að borgarbúar nýti menningarlega fjölbreytni, samfélaginu til góða.	bls. 12
6. Að stjórnvöld byggi ákvarðanir sínar á aðgengilegum upplýsingum um útlendinga.	bls. 13
Lokaorð	bls. 13

Fylgiskjöl

1. Kostnaðaráætlun
2. Fjöldi barna í grunnskólum, flokkað eftir tungumáli heima og færnistigum í íslensku.
3. Fjöldi barna af erlendum uppruna og barna sem hafa dvalið langdvölum erlendis í grunnskólum Reykjavíkur, 1. október 2000.
4. Dvalartími íslenskra barna erlendis – meðaltal
5. Upplýsingar um ríkisfang erlendra borgara á Íslandi
6. Þjóðerni fólks sem fékk íslenskan ríkisborgararétt á Íslandi 1999

Inngangur

Stefnumótun Fræðsluráðs Reykjavíkur og grunnskólanna í Reykjavík um málefni barna með íslensku sem annað tungumál, er liður í vinnu Reykjavíkurborgar. Verkið er leitt af samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um málefni nýbúa sem óskaði eftir því við borgarstofnanir að þær ynnu að slíkri stefnumótun út frá sameiginlegu leiðarljósi sem er:

Að reykvíkst samfélag fái notið fjölbreytni í mannlífi þar sem þekking, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæm virðing einkenni samskipti fólks af ólíkum uppruna.

Nefndin leggur einnig til sameiginleg markmið í málefnum útlendinga búsettum í Reykjavík, sem stefnt skuli að í allri borginni. Hver stofnun útfærir síðan þessi markmið fyrir sinn málaflökk. Hér er stefnan útfærð fyrir grunnskólana í Reykjavík. Í uppsetningu er tekið mið af markmiðum samstarfsnefndar Reykjavíkurborgar um málefni nýbúa, þeim markmiðum sem ekki varða skólamál er þó sleppt. Meginviðmið samstarfshópsins eru númeruð frá 1 – 6 og feitletruð. Á sérstöku fylgiskjali er gerð grein fyrir áætluðum kostnaði vegna þeirra verkefna sem hér eru lögð til.

Tillögur eru unnar af starfshópi sem í sátu eftirtaldir:

Anna Kristín Sigurðardóttir, deildarstjóri kennsludeildar á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla

Hrefna Birna Björnsdóttir, kennari í Vesturbæjarskóla

Ruth Magnúsdóttir, kennari í móttökudeild Vesturbæjarskóla

Þorgerður Guðmundsdóttir, sérkennari í Ártúnsskóla

Friðbjörg Ingimarsdóttir, kennsluráðgjafi á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Ingibjörg Hafstað, kennsluráðgjafi á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur


Jóhanna Haraldsdóttir, sálfræðingur á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Jafnframt sat Helga Þórólfsdóttir starfsmaður samstarfsnefndar Reykjavíkurborgar um málefni nýbúa fundi nefndarinnar.

Börn með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum Reykjavíkur

Þegar rætt er um börn með annað móðurmál en íslensku getur verið átt við börn af erlendum uppruna og íslensk börn sem hafa dvalið langdvölum erlendis. Nemendum með annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað mjög í grunnskólum Reykjavíkur undanfarin ár í samræmi við fjölgun erlendra íbúa í Reykjavík og aukinn fjölda Íslendinga sem hefur dvalið langdvölum erlendis. Íbúum af erlendum uppruna hefur fjölgað á Íslandi um 11 – 14 % á ári, síðastliðin þrjú ár, eða samtals um 40 – 50% á þessu tímabili. Samkvæmt upplýsingum frá samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um málefni nýbúa um fjölgun á árinunum 1998 og 1999 (fylgiskjal 5), eru fjölmennustu

hóparnir sem fengu íslenskan ríkisborgararétt Pólverjar, Danir, Bandaríkjamenn, fyrrverandi Júgóslavar og Tælendingar. Á sama fylgiskjali má sjá hve stórt hlutfall af heildarfjölda þeirra sem fluttu til landsins á árinu 1999 býr á höðufborgarsvæðinu, flokkað eftir þjóðerni. Þar kemur fram að hlutfallslega fjölmennustu hóparnir á höfuðborgarsvæðinu eru Bandaríkjamenn, Svíar, Filipseyjingar og fyrrverandi Júgóslavar. Þegar litið er á gögn frá félagsmálaráðuneytinu um fólki með erlent ríkisfang í Reykjavík, kemur fram að fjölmennustu hóparnir koma frá Norðurlöndum, öðrum Evrópulöndum og Asíu en inn í þá tölu koma ekki útlendingar sem hafa fengið íslenskt ríkisfang (sjá fylgiskjal 6). Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru 3051 íbúi í Reykjavík með erlent ríkisfang þann 1. desember 1999. Sambærileg tala fyrir árið 1998 er 2290.



Myndin hér að ofan sýnir fjölgun þeirra nemenda sem skólarnir hafa óskað eftir aðstoð fyrir síðastliðin sex ár. Skólaárið 1999–2000 var sótt um fjármagn til að kenna íslensku sem annað tungumál fyrir tæplega 570 börn. Hér er um að ræða börn af erlendum uppruna sem flytja til landsins og börn af íslenskum uppruna sem hafa ekki næga tungumálafærni til að stunda nám á íslensku. Ljóst er að þessum börnum er enn að fjölga ört. Í töflum á fylgiskjölum 2 og 4 má annars vegar sjá hvernig sá hópur sem skólarnir sækja um aðstoð fyrir skiptist eftir tungumálum sem töluð eru á heimilim nemandanna og hins vegar fjöldi þessara nemanda í hverjum skóla. Hér er um er um að ræða bráðabirgðatölur sem unnar eru úr upplýsingum frá skólunum. Eftir er að vinna betur úr þessum upplýsingur. Þær miðast við 1. október 2000, en rétt er að taka fram að börnin á koma inn í skólana hvenær sem er á skólaárinu. Eins og fram kemur sækja skólarnir um aðstoð í kennslu í íslensku sem öðru tungumáli fyrir að meðaltali 4,3% nemenda. Hæst er hlutfallið í Austurbæjarskóla, um 15%. Þegar frá eru talin börn af íslenskum uppruna, er fjölmennasti tungumálahópurinn víetnamskur, um 40 börn, þar sem eingöngu er töluð víetnamska heima og 88 börn búa við ensku á heimilinu sem fyrsta eða annað tungumál. Jafnframt má benda á að um 60 börn búa á heimili þar sem eingöngu eru töluð slavnesk mál. Fjölmennasti hópurinn eru íslensk börn sem dvalið hafa langdvölum erlendis, meðaldvalartími þeirra erlendis er 6-7 ár erlendis, sbr. fylgiskjal nr 3. Um 7000 íslensk börn eru búsett erlendis samkvæmt

upplýsingum frá Hagstofu Íslands, hér eru eingöngu talin börn með íslenskan ríkisborgararétt.

Í könnuninni Ung 2000 kemur fram að 7% nemenda í 9. og 10. bekk á öllu landinu segist hafa annað móðurmál en íslensku, samtals 10,5 % barnanna búa við annað erlent tungumál heima sem er talsvert hærri tala en kemur fram í upplýsingum frá skólunum. Skýringin er sú að í upplýsingum frá skólunum eru eingöngu talin þau börn sem skólarnir telja að þurfi aðstoð. Fjöldi erlendra barna getur stundað sjálfstætt nám í grunnskóla án aðstoðar.

Þessar staðreyndir sýna að Íslandi er fjölmenningsleg samfélag og því er ekki lengur raunhæft að leita leiða vegna hvers einstaks útlends nemanda sem kemur í grunnskólann, skólasamfélagið verður að viðurkenna þennan veruleika og taka tillit til hans. Heimurinn er sífellt að minnka og alþjóðleg hugsun að ryðja sér til rúms í íslensku samfélagi og því þurfa íslensk börn að læra að búa í fjölmenningslegu samfélagi. Í áðurnefndri könnun Ung 2000 kemur jafnframt fram að um 28% barna í 9. og 10. bekk telja að of margir nýbúar séu búsettir hér á landi. Af þessu má draga þá ályktun að talsverð hætta sé á fordómum gagnvart útlendingum hér á landi, sé ekki brugðist við með viðeigandi fræðslu.

Hér á landi er ágreiningur um skilgreiningar og notkun hugtaka sem tengjast málefnum nýbúa. Menn hafa ekki komið sér saman um eitt hugtak sem nær yfir þennan margbreytilega hóp, hverjir teljast til útlendinga og hverjir ekki. Að sama skapi er óljóst hverjir eru Íslendingar og hverjir ekki. Þeirri stefnu sem hér er lýst, nær til barna í grunnskólum Reykjavíkur sem hafa íslensku sem annað tungumál. Það getur átt við börn af erlendum uppruna eða íslensk börn sem hafa dvalið langdvölum erlendis eða búa við erlent málumhverfi. Starfshópurinn gerði að öðru leyti ekki tilraun til að leysa úr þessum ágreiningi varðandi hugtök og skilgreiningar. Það er verkefni sem þarfnast víðtækara samráðs.

Leiðarljós fyrir grunnskólana í Reykjavík

Meginviðfangsefni grunnskólans í málefnum nýbúa er kennsla í íslensku sem öðru tungumáli. Þetta er undirstrikað í aðalnámskrá grunnskóla þar sem fjallað er um íslensku sem annað tungumál. Þar segir m.a.:

- Tilgangurinn með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er að nemendur verði hæfir til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima og auðgi með því íslenskt mannlíf.
- Markmið kennslunnar fela í sér að íslenska sem annað tungumál sé lykill að íslensku skólafarfi, íslensku samfélagi, virku tvítyngi og tveimur menningarheimum.

Í þessu kemur skýrt fram að íslenska sem annað tungumál er meira en tungumálakennsla. Saman fara markmið þar sem leitast er við að þjálfar nemendur í íslensku máli og menningarfærni, viðhalda og þróa þekkingargrunn og læsi og örva námsgetu, námstækni og stuðla að félagslegri vellíðan nemandans (Aðalnámskrár grunnskóla: 1999, bls. 84).

Í ljósi fyrrgreindra staðreynda um fjölgun barna sem hafa íslensku sem annað tungumál og ákvæða í aðalnámskrá grunnskóla, var ákveðið í starfshópnum að ganga út frá eftirfarandi leiðarljósum fyrir grunnskólana í Reykjavík.

- Stefnt verði að fjölmennningarlegri kennslu í grunnskólum þar sem nýttir eru kostir fjölmennningarlegs samfélags fyrir alla nemendur. Kennslan beinist jafnt að íslenskum börnum sem erlendum og er m.a. ætlað að koma í veg fyrir fordóma.
- Leitað verði leiða til að bæta aðferðir í kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, sem er eitt meginviðfangsefni grunnskólans í nýbúakennslu ásamt skóla- og menningarfærni.
- Lögð verði áhersla á að nemendur af erlendum uppruna stundi nám í sínum heimaskóla. Þrátt fyrir það verði til móttökudeildir í hverju þjónustuverfi borgarinnar fyrir börn á aldrinum 9–15 ára, til að auðvelda aðlögun að íslensku samfélagi. Börn dvelji í þessum deildum í skamman tíma og flytjist þá í sinn heimaskóla.

Eitt meginverkefni grunnskólanna í nýbúafræðslu er kennsla í íslensku sem öðru tungumáli og mikilvægt er að leita stöðugt leiða til að ná sem bestum árangri til að börn með annað móðurmál en íslensku geti sem allra fyrst stundað sjálfstætt nám á íslensku. Miðað við reynslu nágrannaþjóða er íslenskukennsla, ásamt kennslu í menningar- og skólafærni, ekki nægileg ein og sér til að stuðla að farsælli aðlögun erlendra barna og koma í veg fyrir ýmis félagsleg vandamál sem hafa komið upp í tengslum við fólk af erlendum uppruna. Leita þarf nýrra leiða og er fjölmennningarleg kennsla ein af þeim leiðum. Með fjölmennningarlegri kennslu er átt við uppeldisstefnu sem gerir raunverulega aðlögun barna af erlendum uppruna mögulega og kemur jafnframt í veg fyrir að þau fjarlægist eigin menningu um of. Fjölmennningarleg kennsla sem sameiginlegur lærdómur, með tilliti til mismunandi bakgrunns, beinist jafnt að nýbúabörnum sem íslenskum börnum. Eitt af mikilvægustu verkefnum slíkrar kennslu er að koma í veg fyrir fordóma og auðvelda aðlögun og samkennd. Ákveðin meginlögmál ganga þvert í gegnum öll fög í slíkri kennslu, námsefni og verkefni þar sem m.a. er stuðlað að virðingu fyrir annarri menningu og unnið gegn þjóðernishyggju og kynþáttahatri (Guðrún Pétursdóttir, Fjölmennningarleg kennsla, bls.37–39).

Hugmyndir um fjölmennningarlega kennslu falla vel að umræðu um skólastarf, þar sem m.a. er lögð áhersla á sveigjanlegt og nemendamiðað nám, ábyrgð nemenda og skóla án aðgreiningar. Hún stuðlar að því að víkka sjóndeildarhring nemenda og ýtir yndir samkennd. Með því er m.a. verið að styrkja nemendur í að fóta sig í alþjóðlegu umhverfi sem æ meira einkennir íslenskt samfélag.

Markmið:

Hér á eftir fara tillögur starfshópsins um markmið fyrir grunnskólana í Reykjavík í kennslu barna með annað móðurmál en íslensku. Hópurinn leggur til að horft verði til næstu þriggja ára í þessari stefnumótun. Eins og áður hefur komið fram eru markmiðin sett upp út frá þeim leiðarljósum sem samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar um málefni nýbúa leggur til að unnið verði eftir. Hópurinn valdi að vinna út frá sex leiðarljósum sem talin voru geta átt við grunnskólann. Ekki var alltaf auðvelt að

staðsetja tillögur hópsins undir leiðarljósin sem sett voru upp af samstarfsnefndinni, því er óhjákvæmilega einhver skörun þar á milli.

Eftirfarandi sex leiðarljós Reykjavíkurborgar um málefni nýbúa í Reykjavík voru valin vegna grunnskólans.

1. Að börn af erlendum uppruna geti nýtt sér íslenskt skólakerfi til jafns við önnur börn.
2. Að draga úr fordómum gagnvart útlendingum.
3. Að stofnanir tryggi að útlendingar fái notið þjónustu þeirra.
4. Að öllum útlendingum búsettum í Reykjavík, sé gefinn kostur á íslenskunámi við hæfi og þeir hvattir til að læra íslensku.
5. Að borgarbúar nýti menningarlega fjölbreytni, samfélaginu til góða.
6. Að stjórnvöld byggi ákvarðanir sínar á aðgengilegum upplýsingum um útlendinga.

Hér á eftir verður fjallað um hvert markmið í sex köflum. Rökstuðningur og útskýringar eru í lok hvers kafla.

1. Að börn af erlendum uppruna geti nýtt sér íslenskt skólakerfi til jafns við önnur börn.

- Í kennslu í íslensku sem öðru tungumáli verði lögð áhersla á að beita margvíslegum kennsluáðferðum sem þróaðar hafa verið. Leitað verði samstarfs við aðila sem hafa sérþekkingu á þessu sviði um ráðgjöf, námskeiðahald o.fl. Haldið verði a.m.k. eitt námskeið á ári fyrir kennara.
- Stuðlað verði að þróun í kennslu barna af erlendum uppruna m.a. með stofnun móðurskóla í kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Hann þrói jafnframt aðferðir í fjölmennningarlegri kennslu. *Kostnaður við móðurskóla er 1 millj. á ári.*
- Þegar fjármagni er skipt á milli skóla ár hvert verði notast við reiknilíkan sem m.a. tekur mið af fjölda nemenda með íslensku sem annað móðurmál, upprunaland og dvalartíma á Íslandi. Þannig geti skólar sem hafa ákveðinn fjölda þessara nemenda ráðið sérstakan kennara til að annast kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Hann verði jafnframt ráðgefandi innan skólans m.a. um fjölmennningarlega kennslu, stefnumörkun skólans og málörvun. *Áætlaður kostnaðarauki vegna fjölgunar nýbúa á næstu árum er um 3 millj. á ári.*
- Á næstu þremur árum verði myndað teymi í öllum skólum sem hafi það hlutverk að vinna ásamt nýbúakennara, að tillögum um stefnumótun og vinnureglur í skólanum, kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, fjölmennningarlega kennslu og fordómafræðslu. Jafnframt geti hann verið kennurum til ráðgjafar þegar upp koma vandamál tengd erlendum uppruna nemenda.
- Á næstu þremur árum verði komið upp móttökudeild fyrir nýbúa í einum skóla í Grafarvogi eða í Austurbæ, eftir því sem búseta barna af erlendum uppruna þróast.
- Stoðkerfi skólanna verði aðlagð betur að þörfum barna af erlendum uppruna m.a. með tülkaþjónustu. Sálfræðiþjónusta grunnskóla vinni að því finna hentug

greiningargögn. *Ef gert er ráð fyrir að um 35 nemendur þurfi túlkapjónustu vegna sérfræðiaðstoðar, er kostnaður um 250 þús. kr á ári.*

Rökstuðningur:

Mikilvægasti þátturinn varðandi aðlögun erlendra barna að íslensku samfélagi er íslenskukunnátta. Því er nauðsynlegt að tryggja markviss og vönduð vinnubrögð í kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nýta til þess aðferðir sem eru í samræmi við bestu þekkingu sem til er á hverjum tíma.

Fjölmenningarleg kennsla er nýtt hugtak hér á landi. Til að þróa fjölmenningarlega kennslu og kennsluaðferðir í íslensku sem öðru tungumáli sem best hér á landi er nauðsynlegt að hvetja til þróunarvinnu sem aðrir kennarar og skólar geta lært af. Æskileg leið er að stofna sérstakan móðurskóla í fjölmenningarlegri kennslu og kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Fram til þessa hefur fjármagni til nýbúakennslu að mestu verið úthlutað til skóla í upphafi hvernar annar eða jafnóðum og nemendur koma inn í skólann. Einungis fimm skólar hafa fasta upphæð í fjárhagsáætlun til að annast þessa kennslu auk þeirra skóla sem eru með móttökudeildir. Stöðugleiki í fjáruthlutunum er forsenda þess að unnt sé að byggja upp þekkingu innan skólans og tryggja stöðugleika í kennslunni. Nú þegar margir skólar hafa viðvarandi marga nýbúa í skólanum skapast grundvöllur fyrir slíkum stöðugleika. Skólar sem fá fasta fjáruthlutun verði reiðubúinir að taka við þeim börnum sem flytja í hverfið á skólaárinu og sjái jafnframt um aðlögun þeirra nemenda sem koma úr móttökudeildum. Nýbúakennurum í skólum standi til boða fræðslu- og samráðsfundir á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Jafnframt því sem tryggja þarf að börn af erlendum uppruna einangrist ekki í skólasamfélaginu þarf að tryggja að þekkingin einangrist ekki hjá einhverjum einum kennara. Fjölmenningarleg kennsla einkennir allt skólasamfélagið og kallar á samstarf allra starfsmanna. Þess vegna er mikilvægt að setja á stofn formlegt samstarf, teymi kennara sem vinnur með þeim sem annast nýbúakennsluna. Auk þessa er mikilvægt að kennari sitji ekki uppi einn og einangraður með vanda sem upp kann að koma í bekknum. Komast þarf hjá að nýbúakennarinn verði eini tengiliður nemandans út í hið nýja samfélag.

Jafnvel þótt almenna stefnan sé sú að börn af erlendum uppruna fari í heimaskóla er nauðsynlegt að hafa sérstakar móttökudeildir fyrir börn sem koma frá öðrum menningarheimum til að auðvelda þeim aðlögun að íslensku samfélagi. Mikilvægt er að slíkar deildir séu sem næst heimili viðkomandi barns og dvölin þar sé eins stutt og unnt er og helst ekki lengur en eitt skólaár. Mikilvægt er að börnin fari í sinn heimaskóla aftur m.a. til að auðvelda aðlögun þeirra og að koma í veg fyrir að of stórt hlutfall nýbúa verði í þeim skólum sem reka slíkar deildir. Starfandi hafa verið þrjár móttökudeildir í borginni sem allar eru staðsettar í Vesturbæ/Miðbæ, enda eru flestir nýbúar búsettir í því hverfi. Haustið 2000 var stofnuð ný deild í Breiðholtsskóla sem ætlað er að taka við 12 nemendum þegar starfsemi er komin vel á skrið.

Fram til þessa hafa börn af erlendum uppruna ekki átt greiðan aðgang að stoðþjónustu skólanna, s.s. sálfræðingum, sérkennslu og hjúkrunarfræðingi, m.a. vegna tungumálavanda og skorts á greiningargögnum. Algengt er að svo sé litið á að þau eigi að sækja þjónustu annað sem verður oft til þess að hver vísar á annan. Nánar er fjallað um þetta í umfjöllun um markmið númer 6.

2. Að draga úr fordómum gagnvart útlendingum.

- Innan þriggja ára hafi allir skólar orðað stefnu í skólanámskrám í kennslu nýbúa, þar sem m.a. komi m.a. fram áherslur í kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, vinnureglur um móttöku þeirra, fordómafræðslu, sjálfstyrkingu, vinnuferli um viðbrögð við vandamálum sem upp koma í samskiptum vegna erlends uppruna nemenda, í foreldrasamstarfi o.fl. Lögð verði áhersla á ábyrgð allra starfsmanna skólans.
- Árlega verði stjórnendum skóla boðið upp á fræðslu og umræðufund um hvernig megi koma í veg fyrir fordóma. Auk þess verði skólum boðið upp á fræðslu á starfsmannfundum skóla sem fylgt yrði eftir með umræðum.
- Í kennslu í kristinfræði og trúarbragafræði sé tekið tillit til mismunandi trúarbragða nemenda og lögð áhersla á að auka þekkingu og skilning á ólíkum menningar- og trúarhefðum.

Rökstuðningur:

Með fjölgun nemenda af erlendum uppruna verður óhjákvæmilega breyting á vinnubrögðum í skólanum sem varðar alla starfsmenn. Til að tryggja markviss vinnubrögð og auka þekkingu og skilning allra starfsmanna er nauðsynlegt að fara í gegnum stefnumótunarvinnu.

Fræðsla er ein leið til að draga úr eða koma í veg fyrir fordóma. Starfsmenn skólanna þurfa ekki síður en nemendur slíka fræðslu. Hún getur verið í ýmsu formi, t.d. námsferðir til útlanda, fyrirlestrar á myndbandi sem sýnd yrðu á starfsmannafundum í skólum og fylgt yrði eftir með umræðum, auk stærri námskeiða.

Nauðsynlegt er að hafa sérstaka aðgát í kennslu í kristnum fræðum og trúarbragðafræðslu, vegna þess hve trúarbrögð eru mikilvægur þáttur í mótun viðhorfa og gildismats. Skólinn þarf að nýta þá möguleika sem blandaður nemendahópur gefur til að kynna ólíka trú og siði.

3. Að stofnanir tryggi að útlendingar fái notið þjónustu þeirra.

- Gerð verði áætlun um hvernig megi vinna að gerð upplýsingaefnis fyrir foreldra um skólakerfið, t.d. myndband eða að þýða efni sem til er um skólana yfir á erlend tungumál, unnið að frumkvæði Fræðslumiðstöðvar í samvinnu við skólana og menntamálaráðuneytið. Jafnframt verði gerð tilraun með að halda eitt námskeið fyrir foreldra á ári um íslenska skólakerfið. Námskeiðin verði sambærileg þeim sem haldin eru fyrir foreldra sex ára barna sem túlkuð verði a.m.k. á tvö tungumál.

Áætlaður kostnaður við eitt námskeið á ári sem túlkað er á tvö tungumál er 150 þús. kr.

- Tvítýngiskennsla verði skipulögð sem brúarsmið á milli tungumála fyrir börn sem tala ekki íslensku. Tvítýngdur stuðningsaðili/ kennari kemur þá inn í kennslustofuna, gæti t.d. verið farkennari í þjónustuverfi. Gerð verði tilraun með að ráða í allt að tveimur stöðugildum á næstu þremur árum til að annast þessa vinnu. *Kostnaður við tvö stöðugildi er áætlaður 4.400 millj.*
- Símenntun kennara í íslensku sem öðru tungumáli og fjölmenningslegri kennslu verði efld t.d. með samráðsfundum fyrir kennara í skólum, gagnkvæmum heimsóknnum og námskeiðum. Boðið verði upp á a.m.k. 5 fræðslu- eða samráðsfundi á hverju skólaári auk eins námskeiðs.
- Sett verði viðmið um þjónustu sem á að veita nemendum. Miðað verði við aldur, færni í íslensku, komuár og menningarfærni. Forgangsröðun verði skilgreind m.a. með breyttum reglum um úthlutun fjármagns og túlkabjónustu.
- Komið verði á sérstakri heimanámsaðstoð í skólum fyrir þessa nemendur og hvatt til þess að börn af erlendum uppruna nýti sér skólalagvist. *Ef miðað er við að slíkri aðstoð verð komið upp í 10 skólum í tvær kennslustundir á viku, nemendum að kostnaðrlausu, er kostnaður 1,5 millj á ári hverju.*
- Leitast verði við að koma á móðurmálskennslu í grunnskólum í samstarfi við aðrar stofnanir sem tengjast málefnum nýbúa. Hún gæti verið þannig að ráðnir verði móðurmálskennarar í fjölmennustu tungumálaláhópunum sem þjóni öllu landinu, jafnvel skipulögð sem fjarkennsla.
- Hvatt verði til þátttöku í félagstarfi í samstarfi við ÍTR og Vinnuskólann með það að markmiði að rjúfa einangrun tvítýngdra barna. Jafnframt reyni fulltrúar skólanna og Fræðslumistöðvar í hverfasamstarfi að vekja athygli á málefnum nýbúa.
- Sumarskóli verði árfram starfsræktur en athugað verði með tengls hand við annað sumarstarf fyrir börn, t.d. á vegum ÍTR. Samstarfi þeirra þriggja stofnanna sem nú koma að skólanum verði haldið áfram en fjárhagsleg umsýsla verði á einni hendi.
- Skólabókasöfn verði aðstoðuð við að koma upp efni á erlendum tungumálum. Skólasafnamiðstöð o.fl. bókasöfn annist millisafnalán.

Rökstuðningur:

Vandi fylgir því oft að koma upplýsingum til erlendra foreldra barna í grunnskólum þar sem m.a. er upplýst um réttindi og skyldur, hvernig kerfið virkar o.s.frv, sem er nauðsynleg forsenda farsællar skólagöngu. Erlendir foreldrar geta t.d. ekki nýtt sér þau námskeið sem eru í boði fyrir foreldra sex ára barna. Nauðsynlegt er að foreldrar fái tækifæri til að kynnast skólanum og læri að treysta þeim og séu sáttir við vinnubrögð skólans. Þeir fái leiðbeiningu við að styðja börnin sín í námi þó svo þeir kunnir litla íslensku.

Markmið tvítýngiskennslu er að byggja brú á milli tveggja tungumála barnsins og stuðla þannig að virku tvítýngi og auðveldaðlögun og samstarf við foreldra o.fl. Slík kennsla skarast því óhjákvæmilega við kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og móðurmálskennslu.

Skipulag á heimanámi er oft erfitt þegar lítil íslenskukunnátta er fyrir hendi hjá barninu og hjá foreldunum. Jafnframt er mögulega lítil vitneskja heima fyrir um námsefnið og kröfur skólans. Æskilegt er að hjálpa þeim hópi sem hvað verst stendur til að komast af stað í heimanámi.

Eins og fram hefur komið þá er fjölmenningsleg kennsla ný kennsluaðferð og nauðsynlegt að styðja vel við starfandi kennara sem og að kynna hana fyrir verðandi kennurum. Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli er jafnframt vandasöm og er nauðsynlegt að byggja upp frekari þekkingu á henni í grunnskólum. Ljóst er að þessir nemendur þurfa á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, að halda ef þau eiga að geta staðið jafnfætis íslenskum jafnöldrum sínum.

Mikilvægt er að móta samræmd viðmið um þjónustu við nemendur m.a. til að tryggja samræmi í þjónustu og fjármagni. Á þetta ekki hvað síst við um túlkþjónustu sem er afar mikilvæg þessum hópi barna.

Menn eru sammála um að mikilvægt sé styðja nemendur í að halda tengslum við menningu sína og móðurmál. Sýnt hefur verið fram á að börn sem viðhalda og þróa móðurmál sitt eigi auðveldara með að tileinka sér annað tungumál (sbr. aðalnámskrá grunnskóla og reglugerð um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku nr 391/1996). Starfshópurinn telur mikilvægt að Reykjavíkurborg leiti leiða á næstu árum til að koma á móðurmálskennslu a.m.k. stærstu tungumálahópanna. Þess ber að geta að nú þegar er boðið upp á slíka kennslu í Miðstöð nýbúa sem verður lögð niður um næstu áramót. Enn hefur ekki verið ákveðið hvar og í hvaða formi verði boðið upp á móðurmálskennslu.

Jafnframt telur hópurinn mikilvægt að kennarar og aðrir sem vinna með börnum af erlendum uppruna og íslenskum börnum sem hafa dvalið langdvölum erlendis, leiti samstarfs við aðila sem skipuleggja tómstundastarf um að rjúfa félagslega einangrun barnanna. Þannig mætti koma í veg fyrir félagsleg vandamál sem upp kunna að koma.

4. Að öllum útlendingum, búsettum í Reykjavík, sé gefinn kostur á íslenskunámi við hæfi og þeir hvattir til að læra íslensku.

- Útlent starfsfólk skólanna, sem talar litla íslensku, fái tækifæri til að fara á íslenskunámskeið sem miðast við þarfir skólans. Leitað verði samstarfs við Námflokka Reykjavíkur um slík námskeið.
- Fólki af erlendum uppruna verði gert kleift að starfa í grunnskólum Reykjavíkur í samræmi við menntun þeirra og reynslu.

Rökstuðningur

Nú starfa í skólum all margir starfsmenn af erlendum uppruna sem tala mismikla íslensku. Með því að bjóða þeim sérstök námskeið í íslensku sem miðast við nauðsynlegan orðaforða í starfi, má auka hæfni þeirra í starfi til muna. Það er eftirsóknarvert að starfsmannahópur skólans endurspegli fjölbjóðlegt samfélag með sama hætti og nemendahópurinn.

5. Að borgarbúar nýti menningarlega fjölbreytni, samfélaginu til góða.

- Foreldrafélög verði hvött til að laða foreldra af erlendum uppruna til samstarfs.
- Skólarnir hafi frumkvæði að því að börn og foreldrar þeirra fái tækifæri til að kynna heimaland sitt fyrir öðrum nemendum og menning allra nemenda verði gerð sýnileg.

Rökstuðningur:

Foreldrafélögin eru mikilvægur vettvangur fyrir foreldra, jafnt erlenda sem íslenska. Erlendir foreldrar hafa gjarnan verið utanveltu í þessum félagsskap og jafnvel ekki vitað um hann. Leita þarf leiða til að breyta þessu.

Mikil þekking liggur hjá erlendum foreldrum barnanna, þau gætu miðlað mikilvægum fróðleik, auk þess er slíkt samstarf líklegt til að draga úr fordómum og bæta þar með félagslega stöðu barnanna.

6. Að stjórnvöld byggi ákvarðanir sínar á aðgengilegum upplýsingum um útlendinga.

- Safnað verði vönduðum upplýsingum um tvítyngda grunnskólanemendur í borginni og stöðu þeirra í námi.
- Haldið verði áfram samstarfi um samræmingu á skráningarkerfi milli stofnana sem veita nýbúum þjónustu, þ.m.t. hugtakanotkun og viðmið varðandi færni í íslensku.
- Í nemendaskráningu verði safnað upplýsingum um tungumál sem barnið kann best, mál aðstandenda og mál heima, fjölda ára búsett erlendis og komuár til Íslands, færni í íslensku o.fl.
- Þróað verði, þýtt eða staðfært, málþroskapróf fyrir börn á ýmsum aldri og önnur greiningargögn fyrir börn sem ekki tala íslensku m.a. til að meta stöðu þeirra og framfarir í íslensku. Leitað verði þróunarstyrkja til að vinna þetta verk.

Rökstuðningur:

Litlar upplýsingar eru til um stöðu tvítyngdra nemenda í grunnskólum, bæði námslega og félagslega. Vitað er að brottfall þeirra úr framhaldsskóla er hátt sem bendir til þess að staða þeirra sé ekki góð. Til að bæta úr þessu er nauðsynlegt að hafa áreiðanlegar upplýsingar og greiningargögn sem henta þeim, a.m.k. stærstum hluta þeirra. Bæta má upplýsingasöfnun á Fræðslumiðstöð og skoða mætti betur

Þrófgögn úr samræmdum prófum til að sjá hvar börn standa verst og best að vígi. Sum erlend börn hafa í einstökum námsgreinummeiri þekkingu en íslenskir jafnaldrar þeirra. Með samræmdu skráningarkerfi þeirra borgarstofnana sem koma að málefnum nýbúa og íslenskra barna sem hafa dvalið langdvölum erlendis, má fá góða yfirsýn yfir stöðu þeirra og koma í veg fyrir misvísandi upplýsingar um börn með íslensku sem annað tungumál, sem skapast vegna óljósrar og mismunandi hugtakanotkunar.

Lokaorð:

Í tillögunum sem hér eru lagðar fram er horft fram til næstu þriggja ára. Næsta skref er að setja þrepamarkmið fyrir hvert ár fyrir sig. Það verður gert í tengslum við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar og í samstarfi við aðra fagaðila.

Stefnan sem hér er lögð til snýr að málefnum barna með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum Reykjavíkur. Í henni er leitast við að ná til allra þátta sem varða þennan nemendahóp sérstaklega, jafnframt því sem leitast er við að fylgja stefnumörkun Reykjavíkur í málefnum nýbúa almennt. Hér er um fyrirbyggjandi aðgerðir að ræða, auk þess sem hér eru stigin mikilvæg skref í þá átt að auðga mannlíf í borginni og fylgja alþjóðlegri þróun.